

Lýsing á valgreinum skólaárið 2020 - 2021



AUSTURBÆJARSKÓLI
101 REYKJAVÍK

Badminton og blak 8.,9. og 10. bekkur 1 stund

Markmið: Að nemendur auki þol og styrki líkama sinn og þjálfist í að spila badminton og blak. Kennt er tvo tíma í senn einu sinni í viku fyrir jól og reiknast það sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Forritun 8.,9.og 10.bekkur 2 stundir

Nemendur kynnast undirstöðu forritunnar. Markmið: Að vekja áhuga nemenda á tækni í gegnum einfalda forritun. Kennt er tvo tíma í senn á viku.

Heimspeki 1 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Áfanganum er ætlað að styrkja og þjálfja skapandi og gagnrýna hugsun meðal nemenda. Nemendur fást við heimspekileg viðfangsefni, þjálfja samræðuhæfni sína eftir lýðræðislegum aðferðum.

Kennd verður ein stund í senn allan veturinn og reiknast það sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Hreysti þrek og þol 8.,9. og 10. bekkur 1 stund

Fjölbreyttir tímar þar sem nemendur reyna og æfa ýmsar þrek og þolæfingar. Helstu markmið eru þau að nemendur hreyfi sig og fræðist um gildi þess að hreyfa sig reglulega og að hver og einn nemandi læri að viðhalda og bæta heilbrigðan lífstíl. Kennt er eftir jól tvo tíma í senn og reiknast það sem ein stund allt skólaárið. Markmið: Að nemendur auki þol og styrki líkama sinn.

Íslenska annað mál 8.,9. og 10. bekkur 1 stund

Í áfanganum er lögð áhersla á orðaforðatilkun og munnlegar æfingar undir leiðsögn kennara. Kennd er ein kennslustund í viku allt skólaárið.



Íþróttir körfubolti 8.,9. og 10.bekkur 2 stundir

Fjölbreyttir tímar þar sem nemendur reyna og þjálfar sig í körfubolta. Helstu markmið eru þau að nemendur fræðist um gildi þess að hreyfa sig reglulega og heilbrigðan lífstíl.

Markmið: Að nemendur styrki líkama sinn og auki þol og færni í boltaíþróttum. Að nemendur geti stjórnað og leikið helstu boltaíþróttir

Kennt er tvo tíma í senn einu sinni í viku allan veturinn og reiknast það sem 2 stundir á töflu allt skólaárið.

Íþróttir fótbolti 8.,9. og 10.bekkur 2 stundir

Fjölbreyttir tímar þar sem nemendur reyna og þjálfar sig í fótbolta. Helstu markmið eru þau að nemendur fræðist um gildi þess að hreyfa sig reglulega og heilbrigðan lífstíl.

Markmið: Að nemendur styrki líkama sinn og auki þol og færni í boltaíþróttum. Að nemendur geti stjórnað og leikið helstu boltaíþróttir

Kennt er tvo tíma í senn einu sinni í viku allan veturinn og reiknast það sem 2 stundir á töflu allt skólaárið.

Leikverk 8.,9. og 10. bekkur 2 stund

Áfanginn er ætlaður þeim sem nemendum sem hafa áhuga á að setja upp leikverk. Lögð er áhersla á spuna, söng og dans. Í lokin verður sett upp sýning.

Kennt verður allt árið í skorpum og reiknast sem 2 stund á töflu allt skólaárið.

Áfanginn er kenndur í samstarfi við 101.

Ljósmyndun 8.,9. og 10. bekkur 1 stund

Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa áhuga á ljósmyndun og vilja ná aukinni hæfni í að taka ljósmyndir. Þess er vænst að nemendur mæti með eigin myndavélar sem geta allt eins verið símar. Stefnt er að



Ljósmyndasýningu á verkum nemenda í lok annar. Kennt er tvo tíma í enn hálfan veturinn.

Lýðræði og félagsstarf 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Um er að ræða samstarf Austurbæjarskóla og Félagsmiðstöðvarinnar 101 þar sem unnið er að ýmsum verkefnum í félagsstarfi út frá lýðræðissjónarmiðum. Kennd er ein kennslustund í viku allt skólaárið.

Nýsköpun 8.,9.og 10.bekkur 1 stund

Nemendur kynnast undirstöðu forritunnar við hönnun. Lagt er upp með að nemendur eiga að hanna hluti sem hægt er að vinna áfram með í Fab-lab. Markmið: Að vekja áhuga nemenda á hönnun og tækni í gegnum einfalda forritun. Reiknast það sem 1 stundir á töflu allt skólaárið.

Skák 8.,9. og 10. bekkur 1 stund

Byrjendakennsla fyrir þá sem ekki kunna skák. Kenndar verða algengar leikfléttur, siðareglur og reglur í skákkeppnum. Boðið verður upp á þátttöku í skákkeppnum.

Kennt er einn tíma í senn einu sinni í viku allan veturinn og reiknast það sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Staða kvenna í tímans rás 8.,9. og 10. bekkur 1 stund

Stiklað á stóru um stöðu kvenna á Íslandi og úti í heimi. Farið verður í sögu kvenréttindabaráttu á Íslandi, hvað hefur áunnist og hver staðan er í dag. Fjallað verður um femínisma og samfélagsmiðlar og ýmsar hreyfingar sem þar hafa orðið til/eru í gangi verða skoðaðar.



Stíll

8.,9. og 10. bekkur 1 stund

Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa áhuga á fatahönnun. Nemendur vinna þemamöppu og útfæra hugmynd með það að markmiði að taka þátt í STÍL – hönnunarkeppni félagsmiðstöðva. Vænst er nokkurs sjálfstæðis af nemendum. Kennst verður á haustönn í skorpum (2-3 tímar í senn) og reiknast sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Stærðfræði B

8.,9. og 10. bekkur 2 stundir

Áfanginn er hugsaður sem upprifjun á efni 9. bekkjar. Farið verður í negatífar tölur, veldi, staðalform, hringinn, stæður, jöfnur, hlutföll, línuteikningar, tölfræði o.fl. Áfanginn er hugsaður fyrir nemendur 10. bekkjar sem þurfa meiri upprifjun, nemendur í 9. bekk sem vilja styrkja sig enn betur við átök vetrarins og fróðleiksfúsa nemendur í 8. bekk. Annar tími vikunnar verður í tölvustofu og er þar unnið með stærðfræðiforrit. Kenndar eru tvær kennslustundir allt skólaárið.

Stærðfræði C/heimanám 8., 9. og 10. bekkur 1 stund

Áfanginn er hugsaður fyrir þá nemendur sem eiga í erfiðleikum með stærðfræði. Aðstoðað verður við heimavinnu, reynt að auka skilning og þjálfa upp vinnubrögð. Stundum verða teknar fyrir skemmtilegar þrautir til þess að nemendur fái jákvæðari viðhorf til greinarinnar. Kennst er einn tíma í senn einu sinni í viku allan veturinn og reiknast það sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Unglingabókmenntir og –kvikmyndir 8., 9. og 10.

bekkur 1 stund

Farið verður yfir hvað barna- og unglingabókmenntir eru og umræðan tekin um mikilvægi sérstakra barna- og unglingabóka. Farið verður í helstu



bókmenntahugtök og bókgreiningu. Auk þess verður fjallað um unglíngamyndir, horft á eina slíka og hún greind með bókmenntahugtök í huga.

Franska og Frakkland 9. og 10. bekkur 1 stund

Parlez-vous français? Hvaða áhrif hafði Coco Chanel á tískuheiminn eftir fyrri heimsstyrjöldina? Pour-quoi – pas – hvað er það? Hvers vegna komu franskir sjómenn til Íslands? Hvaðan er talið að orðið peysa komi? Af hverju vildu Frakkar ekki tala ensku? Hér verður franskan og Frakkland sett í sögulegt samhengi og við leitum svara ýmsum spurningum. Tenging tungumála – frönsk áhrif á Íslandi skoðuð Undirstöðuatriði tungumálsins kennd og áhersla á afar einfaldan orðaforða og framburð. Frönsk menning, kvikmyndir, bókmenntir, tíska og matur og allt þar á milli.

Kennslustundir í formi fyrirlestra og umræðna og fjölbreytt verkefni – skrifleg eða í formi umræðuþátta – classroom notað til verkefnavinnu/samskipta.

Ekki ætlað frönskumælandi nemendum.

Heimspeki 2 9. og 10. bekkur 1 stund

Áfanganum er ætlað að styrkja og þjálfa skapandi og gagnrýna hugsun meðal nemenda. Nemendur fást við heimspekileg viðfangsefni, þjálfa samræðuhæfni sína eftir lýðræðislegum aðferðum.

Kennd verður ein stund í senn allan veturinn og reiknast það sem 1 stund á töflu allt skólaárið. Nemendur geta ekki valið nema að hafa lokið heimspeki 1.

Kvikmyndagerð 9. og 10. bekkur 2 stundir

Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa áhuga á að gera sínar eigin stuttmyndir, semja handrit, leika, leikstýra og taka upp. Áfanganum lýkur með þátttöku í stuttmyndakeppni grunnskólanna. Kennt er fjóra tíma í senn einu sinni í viku hálfan veturinn og reiknast það sem 2 stundir á töflu allt skólaárið.



Slökun

9. og 10. bekkur 1 stund

Kynntar verða mismunandi aðferðir í slökun. Má þar nefna leidda slökun, slökunartónlist, öndun, hugleiðslu o.fl.

Markmið: Að nemendur upplifi slökun á líkama, huga og sál. Sömuleiðis að þau læri að nýta sér slökunarleiðir í sínu daglega lífi. Kennt er einn tíma í senn einu sinni í viku allan veturinn og reiknast það sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Skrekkur

9. og 10. bekkur 1 stund

Áfanginn er ætlaður þeim sem stefna að því að taka þátt í Skrekk (hæfileikakeppni fyrir grunnskólanemendur í Reykjavík sem fram fer á haustmánuðum) fyrir hönd Austurbæjarskóla.

Kennt verður á haustönn í skorpum og reiknast sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Stærðfræði A

9. og 10. bekkur 2 stundir

Hér verður áherslan á að þjálfa betur efni 10. bekkjar, s.s. líkur, Pýþagoras, rúmmál, stæður og jöfnur. Helmingur tímanna er kenndur í tölvuveri og þá er unnið með stærðfræðivef H&T og stærðfræðiforrit. Þetta val er hugsað fyrir miðlungsnemendur í 10. bekk og þá nemendur í 9. bekk sem eru sterkir í greininni og stefna á að taka stærðfræði 2AA05 (gamla 103) í 10. bekk.

Kennt er tvo tíma í senn einu sinni í viku allan veturinn og reiknast það sem 2 stundir á töflu allt skólaárið.

Spænska

9. og 10. bekkur 1 stund

Um er að ræða valgrein þar sem kennd eru undirstöðuatrið í spænsku. Kennd er ein kennslustund í viku allt skólaárið.

Tíska og hönnun

9. og 10. bekkur 1 stund

Um er að ræða valgrein þar sem nemendur vinna eftir fjölbreyttum leiðum með sögu tísku og fatahönnunar. Kennd er ein kennslustund í viku allt skólaárið.



Tónlist

9. og 10. bekkur 2 stundir

Nemendur vinna undir stjórn tónmennakennara að tónlistarsköpun og flutningi. Kennt er einn tíma í senn tvisvar sinnum í viku allan veturinn og reiknast það sem 2 stundir á töflu allt skólaárið.

Verkefnastjórnun

9. og 10. bekkur 1 stund

Nemendur kynnast því hvað verkefnastjórnun er, læra að gera einfalda áætlun (fyrir verkefni/viðburð), kynnast skipulagstólum eins og Trello og gera lyfturæðu. Nemendur læra um mikilvægi þess að skipuleggja tímann sinn vel, bæði í tengslum við nám og athafnir daglegs lífs.

Framhaldsskólinn

10. bekkur 1 stund

Áfanginn er ætlaður nemendum í 10. bekk og miðar að því að undirbúa nemendur sem best fyrir framhaldsnám og sporna við brottfalli. Kennt er tvo tíma í senn aðra hvora viku allt árið og reiknast það sem 1 stund á töflu allt skólaárið.

Sjálfstæði og samvinna –

10. bekkur 1 stund

Hér þarf leyfi foreldra og undirskrift á þar til teknu formi.

Skipulagt sjálfbóðaliðastarf í samstarfi við t.d. Rauða krossinn, Skátana, skólann ofl. Áhersla á samfélagslega ábyrgð og nemandi geri sér grein því hvað felst í því að vera ábyrgur borgari. Kennarinn er tengiliður við t.d. Rauða krossinn og heldur utan um þetta. Er í beinu sambandi við annan tengilið til að tryggja mætingu og framvindu o.þ.h.

Nemandi skrifar /ígrundar dagbók eftir hvern tíma samkvæmt leiðbeiningum og skilar til kennara á [google classroom/docs](#). Samskipti kennara og nemanda myndu fara fram í gegnum classroom og því væri sjálfur tíminn úti í bæ.



Sjálfstæði og samvinna:

- Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn
- að nemandi geti nýtt hæfni sína til að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi

Skapandi og gagnrýnin hugsun – 10. bekkur 2 stundir Íslenska

Áhersla á lestur (bókmenntir og fræðitextar) og ritun – (inntaka upplýsinga, hugsa, segja frá/skrifa – þessi hringrás sem er nauðsynleg til framfara).

Ritunarþátturinn er samofinn lestri.

Skapandi og gagnrýnin hugsun - að nemandi geti:

- verið óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika,
- tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og skapað eigin merkingu,
- beitt mismunandi sjónarhornum, gagnrýninni hugsun við mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.
- tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram.

Stærðfræði 2AA05

10. bekkur 3 stundir

Áfanginn er fyrsti áfangi í stærðfræði í framhaldsskóla. Í áfanganum er lagður grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausn verkefna. Helstu viðfangsefni í áfanganum eru: mengi, algebra, jöfnur, hnitakerfi, jafna beinnar línu, föll, annars stig jöfnur, fleygbogar og hringir. Þessi áfangi er aðeins fyrir þá sem standa vel að vígi í stærðfræði. Lokapróf er tekið í MH, þannig að áfanginn verði tekinn gildur í framhaldsskóla.

Kennt er þrjá tíma í senn einu sinni í viku allan veturinn og reiknast það sem 3 stundir á töflu allt skólaárið.



VKG – Samstarf við Tækniskólann 10. bekkur 2 stundir

Áfanginn er boðinn í samstarfi við Tækniskóla atvinnulífsins og samanstendur af átján vikna kennslu í þremur iðn-, tækni- eða listgreinum. Hver nemandi velur sér þær þrjár greinar sem vekja mestan áhuga hans sem standa yfir í sex vikur hver. Í boði eru eftirfarandi greinar: Listir og hönnun, tréiðnir, málmíðnir, rafiðnir, hársnyrtiðn, skipsstjórn, upplýsingatækni og tækniteiknun. Í hverri grein fá nemendur tækifæri til að hanna og smíða eigulega gripi undir leiðsögn kennara. Á þann hátt vinna nemendur að verkefnum, sem tengja saman viðkomandi faggrein og verkfærin, auk þess að kynnst uppbyggingu iðnnáms og möguleikum til framhaldsmenntunar að því loknu.

Kennt er 2 klst. í senn einu sinni í viku í 18 vikur og reiknast það sem 2 stundir á töflu allt skólaárið. Nánar er greint frá valinu í sérstökum kynningarbæklingi.

Annað

8., 9. og 10. bekkur

Heimilt er að meta allt að tveimur kennslustundum þátttöku nemenda í atvinnulífi, félagsstarfi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi enda sé það skipulagt í samráði við skóla. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám, sem stundað er utan grunnskóla til valgreina, t.d. við tónlistarskóla og málaskóla enda njóti námið viðurkenningar. **Í öllum tilfellum þarf að skila inn staðfestingu eða vottorði að hausti.**

